

ARCTIC FISH AUGLÝSIR EFTIR STARFSMANNI Í FJÁRMÁLAEILD ARCTIC FISH

Arctic Fish auglýsir eftir starfskrafti í 100% starf á skrifstofu félagsins á Ísafirði, starfsmaðurinn yrði hluti af 5 manna fjármála- og bókhaldsdeild fyrirtækisins.

STARFSLÝSING

- Launaútreikningar, launavinnsalur og launamál.
- Almenn bókhaldsstörf.
- Þáttaka í gerð fjárhagsskýrsla og mánaðarskýrsla.
- Undirbúningur bókhalds fyrir uppgjör og endurskoðun.
- Þáttaka í áætlanagerð og eftirfylgni með áætlunum.
- Kostnaðareftirlit.

HÆFNISKRÖFUR

- Viðskiptafræðimenntun er krafist en önnur menntun einnig metin ef umsækjandi hefur reynslu af sambærilegum störfum.
- Reynsla af áætlanagerð og framsetningu talnaefnis.
- Skipulagshæfni til að geta staðið skil á verkefnum innan tilsetts tíma og hæfni til að geta unnið undir álagi.
- Þekking á bókhaldskerfinu DK er æskileg .
- Góð kunnátta á Office umhverfinu sérstaklega Excel.
- Góð upplýsingatækni- og tölvukunnátta.
- Góð enskukunnátta.
- Góð samskiptahæfni.

UMSÓKNIR

Umsóknir skal senda rafrænt með tölvupósti á Shiran Þórisson á nst@afish.is sem veitir einnig nánari upplýsingar um starfið. Umsóknum á að fylgja að hámarki 2 síðna starfsferilskrá.

Umsóknarfrestur er til og með 13. september næstkomandi.

UM ARCTIC FISH

Arctic Fish er að byggja upp laxeldisfyrirtæki á Vestfjörðum þar sem fyrstu laxaseiðin voru sett í sjó árið 2017. Fyrirtækið framleiðir eigin seiði og hefur sett út aukið magn seiða á hverju ári. Innan fyrirtækjasamstæðunnar er eigin seiðaframleiðsla sem er búin nýjustu tækni í endurnýtingu á vatni og er í raun framleiðsla sem stenst samanburð á heimsmælikvarða. Á þessu ári var bætt við 2 nýjum sjóeldisstaðsetningum á sunnanverðum Vestfjörðum.

Markmið Arctic Fish er að halda áfram að byggja upp arðbært og sjálfbært fyrirtæki. Starfsemin á að vera framkvæmd í sátt við umhverfið og nærsamfélagið. Lykilatriði til árangurs er starfsfólk fyrirtækisins og umhverfið, en bæði leggja grunnin að því að hægt er að byggja upp fyrirtæki með sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Hjá fyrirtækinu starfa í dag um 50 manns við seiðaeldi, laxeldi og stjórnun.

